

ÁRSSKÝRSLA HAUKADALS 1984

Janúar 1985

Baldur Þorsteinsson

1. Veðurfar ársins.

Veturinn var nokkuð snjópungur frá áramótum, en tíðin lagaðist fyrr en í fyrra. Apríl var fremur kaldur og úrkomusamur, en maí var í meðallagi. Var orðið alautt um miðjan maí. Júní var hlýr og fremur þurr. 5.-7. júní varð hámarkshitinn yfir 20 C. Dagana 9.-13. júní var svalt og rigndi mikið þann 13. Vikuna 14.-21. var veður breytilegt. 21. rigndi aftur mikið og var hitinn þá aðeins 5-6 C. 22. júní hlýnaði og síðan náði hámarkshiti dagsins oftast 15-20 C fram í miðjan júlí. Þá tók við svalara veður og mjög votviðrasamt allt til ágústloka. Á þessu tímabili mun hiti þó hafa verið nálægt meðallagi. Flesta daga sumarsins var logn eða mjög hægur vindur.

Haustið var mjög gott, þurrt og milt. Fyrsti snjórinn féll 24. október, ca. 5 cm jafnfallið, en tók upp aftur fyrir mánaðamót. Fyrri hluta nóvember var hiti undir frostmarki, en seinni hluta nóvember var stillt og bjart veður, frost á næturnar, en hlýrra á daginn.

Rétt fyrir jól féll talsverður snjór og hélst til áramóta.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

2.1. Laufgun og lauffall.

Bæjarstaðabirkið heimavið var allaufgað 6, júní, en kjarrið 1-2 dögum seinna. Vegna mikils ryðsvepps var kjarrið í Miðhlíð og Stekkjarhlíð lauflaust fyrir miðjan september. Austar varð lauffall um 20. september. Lerkið grænkaði um leið og birkið. Hakaskojalerkið og Bæjarstaðabirkið byrjuðu að gulna 18.-20. september. Arkangelsklerkið í Kotmýrinni var mjög mislitt um 20. september - sum tré heiðgul, en önnur dökkgræn 18. september. Lerki gróðursett '83 sölnaði líka misfljótt. Sumar af þeim plöntum byrjuðu að gulna fyrstu dagana í september.

2.2. Vöxtur og þrif.

Vöxtur í Bæjarstaðabirkinu var vel í meðallagi. Sömuleiðis var allgóður vöxtur í sitkagreni og lerki. Líklega var lengsti sitkagrenisprotinn rúmir 60 cm í 23 ára gamalli gróðursetningu (reit 4023). Mjög góður vöxtur var í sitkagreni, sem fékk áburð 1982, t.d. í reit 1061. Sprotar voru mjög stuttir í rauðgreni. Þó náðu þeir 10-20 cm á trjám, sem fengu vönan áburðarskammt í fyrra og höfðu jafnframt fengið lítils háttar áburð '82.

Skaðar eru litlir. Þó var talsvert um, að 2-4 ára lengdarvöxtur visnaði ofan af rauðgreni. Þessi tré höfðu haustið '83 mjög ljósar nálar á efstu greinakrönsum. Voru þessar nálar allt að því hvítar frá miðju og fram í odd. Hið óvenjulága hitastig og lítið sólskin sumarið '83 er grunað um að valda þessu, beint og óbeint.

3. Starfsfólk.

Alls komust 18 manns á launaskrá á árinu, þ.a. unnu 5 eina viku eða skemur.

Hinir 13 voru þannig:

Gunnar Hermannsson vann 240 stundir á tímabilinu janúar-apríl við M-2897. Var jeppinn m.a. málaður og teppalagður. Að öðru leyti skiptist mannahald þannig eftir mánuðum:

jan.	feb.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	september	okt.	nóv.	des.
0	0	0	0	0	5-7	7	1-7	2	2	0-5	0

Verkstjórinn, Sigvaldi Ásgeirsson, er á BHM-taxta, Greipur Sigurðsson á BSRB-taxta, en aðrir á ASÍ-töxtum.

Alls voru unnar 5.590 stundir fyrir deild 06, eða 12 % umfram áætlun.

4. Girðingar og varsla.

Ástand girðingar var allgott. Fóru 6 dagsverk í viðhald. Skógræktin þarf nú aðeins að halda við girðingu frá Tungufljóti að Langá og þaðan upp fyrir Skotmannsvörður. Fyrirnefndi kaflinn er á mörkum við land Sigurðar Greipssonar og áa hans. Þar ganga aðeins 5-6 ær og 35 hross á feikna stóru landi, svo þaðan sækir fénaður lítt á skógræktarlandið, ef hlið eru lokuð. Frá Langá og upp á Sandfell er talsvert um sauðfé frá Helludal og Neðradal. Þessar kindur komust tvívegis inn um hlið ofan við Skotmannsvörður. Ekki er vitað hver opnaði hliðið, en í bæði skiptin var féð rekið út daginn eftir alls 30-40 kindur í hvort skipti. Um haustið komust fáeinar kindur yfir Farið, væntanlega hjá Sandvatni. Þær voru handsamaðar um leið og þær komu niður af heiði og reyndust komnar austan úr Hreppum. Þetta var eftir réttir.

Veiðifélag á Tungufljótssvæðinu hefur hug á að veita öllu Jökulvatni úr Sandvatni yfir í Sandá og þar með Hvítá. Hætt er við, að þetta myndi krefjast nýrrar girðingar frá Sandvatni niður með Ásbrandsá. En þetta er mál Landgræðslunnar. Nú er orðið löngu tímabært að hefja endurnýjun girðingar frá Skotmannsvörðum og norður með Sandfelli á nokkurra km kafla. Þetta er hagar Skógræktarinnar ekki síður en Landgræðslunnar, þar eð ógirt er á milli landa þessara stofnana. Forystuær frá Helludal, grá að lit, hefur oft undanfarin 2 sumur brotist undir eða gegnum girðinguna á þessum kafla, og dregur hún jafnan með sér talsverðan hóp.

5. Skógarhögg.

5.1. Jólatré.

Fyrstu trén voru felld 12. nóvember. Varð jólatréshögginu að mestu lokið á 1 viku. Voru jafnan 4 og stundum 5 við verkið. Í vikunni 19.-24. nóv. var lokið við að fella og flytja niður síðustu trén. Megnið af trjánum var flutt til Rvíkur. með

2 bílum: Flutningabíl Þóris Sigurðssonar og bíl frá Tumastöðum. Bíll á vegum S-V-lands umdæmis fór eina ferð. Voru öll trén komin suður fyrir mánaðamót nóv.-des.

Alls voru höggvin 1910 tré, 550 stk. af stafafuru og 1360 stk. af rauðgreni. Fóru rúmlega 2/3 til Landgræðslusjóðs, en tæplega 1/3 til Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Trén flokkuðust þannig eftir stærð:

Stærð	Rauðgreni	Stafafura
0,70 - 1,00	104	80
1,01 - 1,25	323	156
1,26 - 1,50	409	168
1,51 - 1,75	289	87
1,76 - 2,00	138	35
2,01 - 2,50	44	7
2,5 - 3,0	2	0
3,0 - 4,0	10	0
4,0 - 5,0	11	0
5,0 - 6,0	2	0
6,0 - 7,0	1	0
Alls:	1.333	533

28 rauðgrenitré, sem fóru til Landgræðslusjóðs voru sködduð eða léleg og því ekki stærðarflokkuð.

Starfsfólk og nágrennar fengu 15-20 tré.

Óseld tré voru 100 hjá Landgræðslusjóði allt rauðgreni, og keypti sjóðurinn helming þeirra. Hjá Skógræktarfélaginu seldust ekki 130 stk af rauðgreni. Af þeim fjölda voru 30 dæmd gölluð; en Skógræktarfélagið keypti helminginn, eða 50 stk. af afgangnum. 14 stk. af furunum, sem fóru til Skógræktarfélagsins voru seldar með afslætti.

Seld og greidd jólatré fyrir árið 1984 reyndust því vera:

Stærð, m	Rauðgrenti		Stafafura	
	Landgræðslusj.	Skógrfél. Rvík.	Landgræðslusj.	Skógrfél. Rvík.
0,70-1,00	36	62	65	13
1,01-1,25	183	117	133	23
1,26-1,50	212	122	133	27
1,51-1,75	190	80	64	23
1,76-2,00	99	32	26	9
2,0 -2,5	36	5	5	1
2,5 -3,0	0	2	0	0
3,0 -4,0	10	0	0	0
4,0 -5,0	11	0	0	0
5,0 -6,0	2	0	0	0
6,0 -7,0	1	0	0	0
Ýmsar stærð.				14
Samtals	756	420	426	110

Jólatrén komu úr eftirtöldum reitum:

Reitur nr.	Fjöldi	Reitur nr.	Fjöldi
1011	24	1052	90
1012	95	1072	5
1014	35	2014	32
1015	20	2015	30
1022	15	2020	45
1034	60	2062	220
1041	160	2071	450
1042	50	3072	30

Stafafura

Reitur nr.	Fjöldi
1074	15
2121	60
6021	135
6022	65
6023	135
6025	140

Óvenjugóð tíð auðveldaði töku jólatrjáanna, Launakostnaður (incl. launatengd gjöld) fyrir utan flutning nam um 75.000,- kr. Nettótekjur af jólatrésölunni námu 744.000,-. Launakostnaðurinn er því 10 % af nettótekjum að þessu sinni. Alls varð launakostnaður deildar 06, ásamt kostnaði vegna aksturs starfsmanna-bíla árið 1984 kr. 761.169,-

5.2. Grisjun.

Lokið var við að grisja birkilundinn frá '41. Var það gert í júlí og urðu 3 dagsverk. Einnig var grisjað vel í lerkireit ofan Svartagilshvamms, tekin skökk og brotin tré úr Svartagilshvammi og hálf dauð tré felld meðfram veginum frá Svartagili og út að girðingu. Sagaðar voru rásir á 2 ^{1/2} ha við Langamel.

6. Gróðursetning og sáning.

6.1. Gróðursetning.

Alls voru gróðursettar í Haukadal um 42.800 plöntur. Þar af voru 4.600 plöntur gróðursettar fyrir Rannsóknarstöðina á Mógilsá í kvæmatilraun með lerki og stafa-furu. Einnig voru gróðursettar 400 lúpínuplöntur inni á Haukadalsheiði.

Til gróðursetningar á tilraunaplöntum fóru 160 vinnustundir, og 30 stundir til að gróðursetja lúpínu. Lúpínuplönturnar voru gróðursettar með ca. 20 m millibili. Um 690 vinnustundir fóru í að gróðursetja 37.800 venjulegar skógarplöntur.

Plönturnar skiptust þannig:

Gróðursetning 1984.

Stk.	Tegund	Kvæmi	Fræ nr.	Aldur	Plöntut.	Gróðratst.	Nr. reits
400 ✓	Rússalerki	Modo	C-058	2/0	Bakkapl.	Grundarh.	007
300 ✓	"	-	-	-	-	-	008
930 ✓	Blágreni	Archuleta	B-943		Beðpl.	Tumast.	1025
500 ✓	Rússalerki	Modo		2/3	Móband	-	1091
4.200 ✓	-	-	C-053	2/2	"	-	1091
5.000 ✓	-	-	C-058	2/0	Bakkapl.	Grundarh.	1100
6.000 ✓	-	-	-	-	-	-	1200
800 ✓	-	-		2/3	Móband	Tumast.	2125
1.300 ✓	-	-	C-058		"	-	2125
700 ✓	-	-		2/3	Móband	-	2202
120 ✓	-	-	C-058	2/2	"	-	4513
5.750 ✓	Stafafura	Skagway	B-952	2/3	Beðpl.	-	6022-6023 *
200 ✓	-	-	C-023	2/2	-	-	" "
60 ✓	Sitkagreni	Hall.	C-020		-	-	6042
1.600 ✓	Blágreni	Archuleta	B-943		-	-	6200
500 ✓	Stafafura	Skagway	C-023	2/2	-	-	6200
3.500 ✓	^{Rússa} Siberiulerki	Modo	C-058	2/0	Bakkapl.	Grundarh.	6201
2.930 ✓	Stafafura	Skagway	C-023	2/2	Beðpl.	Tumast.	6202
2.260 ✓	Sitkagreni	Hall.	C-020		-	-	7034
750 ✓	Sitkagreni	Homer	B-936		Beðpl.	Tumast.	7034

37.800

* = íbót.

Nokkru munar á uppgefnum fjölda skv. plöntureikningi frá Tumastöðum og þeim fjölda, sem við teljumst hafa gróðursett. Því fylgir plöntureikningurinn hér með skýrslunni. ~~2.400 pl. af rússalerki bíða næsta árs.~~

6.2. Sáning.

Í tilraunaskyni var í byrjun október sáð nokkrum kg af birkifræi á örfoka land í eigu Skógræktar ríkisins á Haukadalsheiði.

1,1, kg af birkifræi (B.odorada var. pubescens C-072, safnað haustið '81 í Haukadal, uppruni Bæjarstaðaskógur, spírun 01-03-84: 260 fræ/g) var sáð í 4x1000 m² - alls 1,1 kg, og fór sem tilsvavar á ha 5,0 kg, 3,0 kg, 1,8 kg og 1,2 kg á hvern flöt.

Annars staðar var sáð 3 kg á 1 ha. Var það fræ, sem var safnað haustið '79 hjá Þjónustumiðstöðinni í Skaftafelli, spírun 01-03-84: 406 fræ/g.

7. Umhirða.

7.1. Kjarrhreinsun.

Mikið var unnið að kjarrhreinsun sumarið og haustið '84. Er nú svo komið, að tiltölulega lítið er eftir af uppvaxandi jólatrjám í hirðuleysi. Þessi vinna var að mestu leyti unnin með kjarrsögum. Var lokið við eftirtalin svæði á árinu 1984:

Reitur nr.	Tegund	Flatarmál	Plöntufjöldi
1034	Rauðgreni	0,7 ha	2.500
1051	Rauðgreni	0,8 -	2.100
1052	Rauðgreni	1,3 -	4.500
2071	Rauðgreni	3,0 -	13.000
2081	Stafafura	2,0 -	3.000
2112-2119	Rauðgr. ofl.	1,2 -	8.000
2121	Stafafura	2,0 -	8.000
2122	Sitkagr.+Rauðg.	0,7 -	6.000
2123	Rauðgreni	0,4 -	1.100
2124	Rauðgreni	1,1 -	7.500
3041	Blágreni	0,3 -	1.500
3042	Rauðgreni	0,7 -	3.000
3072	Rauðgreni	1,6 -	5.000
6076	Rauðgreni	0,8 -	2.800
6078	Rauðg.+sitkagr.	0,3 -	1.200
6079	Rauðgreni	1,2 -	4.500
6170	Rauðgreni	1,1 -	2.700
6173	Rauðgreni	1,5 -	10.000
6174	Sitkagreni	1,1 -	6.500
Alls:		22,3 ha	92.900 stk.

Alls hefur verið hreinsað frá ca. 11.000 plöntum af stafafuru. Þess ber þó að gæta, að 8.000 af þeim eru í reit 2121, en sú fura er mikið til orðin ofstór til að nýtast sem jólatré.

Alls var hreinsað frá ca. 66.000 plöntum af rauðgreni. Þ.a. eru um 2.100 í reit 1051, sem er kvæmatilraun. Þar má ekki höggva jólatré. Fóru um 50 vinnustundir í að saga í þessum reit. Alls fóru a.m.k. 1.200 vinnustundir til kjarrhreinsunar.

Plöntufjöldinn er áætlaður út frá gróðursetningarskýrslum og áætluðum afföllum í hverjum reit skv. lauslegu mati.

7.2. Áburðargjöf.

Keypt voru 3 tonn af Græði 1A. Var honum dreift á eftirtaldar gróðursetningar:

Reitur nr.	Kg alls	Pr. plöntu (g)	Athugasemdir
2112-2120	350	50-150	Ýmsar teg. Neðri hluti sv.
3072	300	50-150	Ólokið er austast í reitnum.
6022-6023	375	100	
6030	150	50-150	Rauðgreni + skógarfura.
6031	250	30-50	Stafafura úr bökkum.
6076	100	50-150	
6078	150	50-150	
6079	350	50-150	
6170	350	50-150	
6173	500	50-150	
7020-7028	125		Alaskavíðir í beltum.

Áburðarbreyðslan fór fram síðast í júní og í fyrrihluta júlímánaðar. Alls var varið 255 vinnustundum til áburðargjafar.

7.3. Snyrting.

Talsvert var klippt af tvístofnum og -toppum, bæði af sitkagreni og í rauðgrenireitum eftir kjarrhreinsun. Unnið var við þessi störf í eftirtöldum reitum: 2119, 1061, 1073, 2062, 2071, 6020, 6021 og 6022. Alls var varið um 325 vinnustundum til snyrtingar.

8. Byggingar.

Byggður var skúr yfir hitaveitudæluna og rafmagn tengt í kirkjuna. Einnig var skipt um rotpró. Bekkir í kirkjunni voru bólstraðir. Settur frádráttarmælir vegna rafmagns í kirkjuna (ofnar og ljós). Allar framkv. við kirkju voru greiddar af sóknarnefnd.

9. Vélar og verkfæri.

Engar nýjar vélar voru keyptar. Talsverður kostnaður varð vegna viðhalds á jeppanum. Alls varð rekstrarog viðhaldskostnaður vegna jeppans kr.

Keyptir voru varahlutir í kjarrsagir fyrir kr.

10. Annað.

Víkuna 18.-22. júní komu daglega 3 rútur með sunnlenska bændur í skoðunarferð. Var þeim sýnt sitkagrenið í Svartagilshvammi og nálægir teigar. Er skemmst frá því að segja, að flest mun fólkið hafa hrifist mjög, er það stóð í hvamminum hálfkringt 10-12 m þrífalegu sitkagreni í örum vexti.

Skógræktin hefur eins og í fyrra takmarkað bílaumferð um lönd sín. Hefur þetta mælt misjafnlega fyrir og m.a. valdið blaðaskrifum. Er brynt að málið sé leyst, annað hvort með því, að Vegagerðin setji brú á Ásbrandsá, eða sjái um viðhald á þeim vegum í löndum Skógræktarinnar, sem yrðu til almenningsnota.

Nokkuð var unnið að vegagerð í haust í Haukadal. Voru gerð ræsi á Bryggjulæk og Hríslæk. Er þá búið að opna leið úr Bryggjumýri yfir í plógstrengina í Hrísalækjarmýri. Brautin um Miðhlíð frá Svartagili og út að girðingu var bætt mjög og aukið rýmið til að snúa við á enda brautarinnar. Brú yfir Miðskógargil að Langamel var gerð bílfær. Borið var í og ræst frá braut ofan við plógstrengina í Kotmýrinni. Ræst var frá slóðinni upp með Tungufljóti við hliðið, en þar var jafnan ófært í rigningartíð. Vegna óvenjuhagstæðrar tíðar til vegagerðar var unnið nokkru meira að þessu verki en áætlað hafði verið. Var leigð grafa talsvert á aðra viku og vörubíll í viku. Þyrfti að vinna miklu meira að vegagerð í Haukadal á næstu árum, til að opna ný svæði til gróðursetningar. Einnig þyrfti að brúa Almenningsá svo komast megi niður í plógstrengina í Hrísalækjar- og Bryggjumýri án þess að krækja alla leið niður á þjóðveg.

Skýrsla þessi er tekin saman af verkstjóranum í Haukadal, Sigvalda Ásgeirssyni.

Janúar 1985

Baldur Þorsteinsson